



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
á málþingi Rauða kross Íslands  
„Hvar þrengir að?“  
21. maí 2006**

Ágætu málþingsgestir

Um aldir voru Íslendingar fátækasta þjóðin í álfunni, samfélag bænda og sjósóknara sem þjuggu við þröngan kost, húsakynni hrörleg, náttúruöflin léku landsmenn grimmt, harðræðið og plágur í annála færð.

Fyrir hundrað árum hófst framfararskeið sem fékk aukinn kraft á lýðveldistíma og um þessar mundir ríkir sóknarandi á flestum sviðum. Þjóðartekjur eru með hinum hæstu í veröldinni sé horft á meðaltölin sem í hagtölum birtast; árangurinn er að mörgu leyti ótrúlegur. Höfuðborgin og byggðir landsins hafa tekið stakkaskiptum, húsakostur þorra fólks í góðu lagi, skólar og sjúkrahús á við það besta sem þekkist með öðrum þjóðum.

Umræða og efnistöð í miðlum landsins bera svip umsvifanna sem einkenna atvinnulífið enda útrásin áhrifarík á mörgum sviðum; fyrirtækin hafa mörg hver náð sterkri stöðu á markaðssvæðum vítt og breitt um veröldina.

Ómurinn sem berst frá orðræðunni er að mestu ánægjukliður, hamingjuóskir eru boðorð dagsins, veislugestir fagna glatt – og vissulega geta margir verið stoltir af árangrinum.

Samt er það svo að fjöldi býr enn við þröngan kost, að fátækt er hlutskipti þúsunda – að mitt í alsnægtunum eiga margir erfitt með að ná endum saman.

Við erum einkum á þetta minnt á aðventunni þegar hjálparstofnanir útdeila mat og öðrum nauðsynjum svo að fjölskyldur geti glatt börnin á jólum. Almennigur leggur gjafapakka undir jólatré í verslunarmiðstöð; einstæðar mæður bíða í röðum eftir hjálp, aldraðir og öryrkjar þjást því efnin eru af skornum skammti.

Rauði krossinn, Mæðrastyrksnefnd, Fjölskylduhjálpin, Hjálpræðisherinn og kirkjur landsins skila á þessum vikum góðu verki og njóta liðsinnis úr ýmsum áttum; erfitt að gera sér í hugarlund hvernig ástandið væri ef starfsemi þeirra nyti ekki við.

Þótt hið fórnfúsa framlag hljóti athygli á aðventunni má ekki gleyma því að þörfin er brýn á öllum tímum. Fátæktin er ekki bara bundin við jólin; neyðin sem einstæðar mæður, öryrkjar, aldraðir, geðfatlaðir, einstæðir karlar og í vaxandi mæli innflytjendur búa við er þeim byrði á hverjum degi.

Ég hef við ýmis tækifæri vakið athygli á þessari skuggahlið alsnægtanna, á fátæktinni meðal okkar, vakið athygli á henni bæði í nýársboðskap, með ávarpi í Dómkirkjunni og á annan hátt.

Það hafði djúpstæð áhrif á mig að sjá langa biðröð einstæðra mæðra standa í kuldanum hringinn í kringum miðstöð hjálparstarfsins og einnig ræða við þá sem nutu jólamáltíðar á Hjálpræðishernum þegar við Dorrit komum þangað á aðfangadagskvöld fyrir fáeinum árum.

Það hefur verið á brattann að sækja til að baráttan gegn fátæktinni hlyti þann forgang sem henni ber og ýmsir hafa dregið í efa áreiðanleika upplýsinga sem fram hafa komið.

Því er fagnaðarefni að Rauði krossinn hefur nú látið vinna landskönnun sem ber heitið: „Hvar þrengir að?“ og kynnir nú niðurstöður hér í dag.

Rauði krossinn nýtur alþjóðlegrar virðingar fyrir hjálparstarf, fyrir metnað og aga sem ávallt eru leiðarljós, fyrir trúverðugleika og vönduð vinnubrögð.

Rauði kross Íslands hefur lagt mikið af mörkum í alþjóðastarfi samtakanna og það framlag verið þakkað á marga lund. Samtökin eru því vel í stakk búin til að hafa forystu hér á heimavelli enda þjóðin ávallt hlýtt kalli þegar Rauði krossinn hefur beðið um liðsinni í þörfum verkum.

Það eru því með vissum hætti tímamót þegar Rauði krossinn spyr: „Hvers vegna býr fjöldi fólks á Íslandi við fátækt, einangrun og mismunun og hvernig er hægt að bæta úr því?“ – og kallar eftir svörum, ekki aðeins úr eigin röðum, heldur frá öllum sem hlut eiga að máli.

Við þurfum að ná samstöðu um aðgerðir og úrbætur, bæði víðtækar og varanlegar – ná þjóðarsátt um að útrýma fátæktinni úr samfélagi Íslendinga, ná þeim árangri að geta sagt með sanni að hér njóti allir hagsældar, öryggis og þjónustu sem tekur mið af þörfum fólksins.

Þjóðartekjur munu halda áfram að aukast á komandi árum; margt bendir til að auður þjóðarbúsins vaxi til muna. Þá mun reynast æ hróplegra óréttlætið sem fælist í því að þúsundir þyrftu áfram að líða skort, ættu ekki fyrir mat og þyrftu að leita bjargar hjá samtökum í hjálparstarfi.

Rauði krossinn hefur með landskönnun um fátæktina og samræðunum hér í dag tekið forystu í brýnu starfi og vonandi verða sem flestir reiðubúnir að leggjast á árar, sameinast um aðgerðir sem árangri skila.

Það er mér mikill heiður að taka þátt í þessu starfi og ég færi Rauða krossinum einlægur þakkir fyrir að skapa umræðunni nýjan grundvöll.

Með þeim orðum er málþingið „Hvar þrengir að?“ hér með sett.